

Ágæti viðtakandi

Efni: Aukinn aðgangur að Laugardalshöll

Í mörg ár hefur verið rætt um að aðstaða afreksfrjálsíþróttafólks sé ekki viðunandi eða öllu heldur aðgangur afreksfólks að aðstöðu sem þegar er til staðar. Lokun aðstöðunnar vegna annarra viðburða af ýmsu tagi hefur raskað frjálsíþróttastarfseminni og gert þjálfurum nær ómögulegt að halda starfinu gangandi. Bæði í september og október nýliðnum var ástandið sérstaklega slæmt og mikið um lokanir sem komu sér illa bæði fyrir afreksfólk og barna- og unglingastarf hverfafélagsins Ármanns sem er að reyna byggja upp frjálsíþróttadeild og þjónusta börnin í hverfinu.

Á sama tíma og aðgengið er heft eða ekki nægjanlegt er gerð krafa um árangur á stórmótum sem þykir hafa verið undir væntingum síðastliðin ár.

Á fundi borgarstjórnar 15. janúar 2019 var samþykkt að setja af stað vinnu í samvinnu við ÍTR og ÍBR varðandi framtíðarstefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík til ársins 2030. Ný framtíðarstefna í íþróttamálum í Reykjavík til ársins 2030 var svo kynnt snemma árs 2020. Settar voru fram fimm stefnuáherslur.

Í *Stefnuáherslu 2* segir: „Öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi“. Og markmiðið var að hlutfall barna og unglunga sem stunda líkamlega hreyfingu í skipulögðu starfi verði a.m.k. 70%. Þar er líka lögð áhersla á að draga úr brottfalli og að foreldrar geti nýtt takmarkaðan tíma sinn sem best þegar börnin eru á æfingum. Þetta getur seint samræmst þeim áherslum Reykjavíkurborgar um að leigja Laugardalshöll og þar með íþróttaaðstöðu barna og unglunga út í tíma og ótíma. Í svörum borgarstjóra hefur m.a. komið fram að börn hafi gott af því að æfa úti og fá súrefni, þess má geta í því samhengi að útiaðstaðan sem boðið er upp á í Laugardalnum er ekki boðleg.

Í *Stefnuáherslu 3* segir: „Framúrskarandi keppnis- og afreksfólk, sem veitir framtíðarkynslóðum hvatningu til íþróttaiðkunar.“ Og markmiðið sem sett var fram með því var að meirihluti íslenskra þátttakenda á stórmótum komi frá reykvískum félögum. Staðreyndin hér er sorgleg en æ fleira afreksíþróttafólk hefur leitað í félög utan Reykjavíkur þar sem aðgangur að aðstöðu er mun betri þar heldur en á Reykjavíkursvæðinu en um er að ræða þó nokkurn fjölda síðastliðin ár. Framtíðarstefna Reykjavíkurborgar verður ekki öll tíunduð hér en ég hvet þig lesandi góður að rifja hana upp, og þá sérstaklega allt er viðkemur *Stefnuáherslu 3*. Hér er sérstaklega dapurt að sjá að um leið og unga fólk fæf bítpróf þá kemur það sér í félög í nágrennasveitarfélögum. Reykjavík er ekki samkeppnishæf á þessum markaði og hefur ekki sýnt vilja til að breyta þeirri stöðu.

Í nýlegu svari Ásmundar Einars Daðasonar við fyrirspurn á Alþingi um stefnu í afreksmálum vísar hann í ofangreinda framtíðarstefnu í íþróttamálum í Reykjavík. Þar nefnir hann einnig að fremsta afreksíþróttafólk hér á landi hafi um áraraðir bent á að aðbúnaður og umhverfi standist ekki samanburð við keppinauta þess á alþjóðlegum vettvangi og að íþróttahreyfingin

hafi kallað eftir auknum stuðningi til að geta betur stutt við umgjörð og aðbúnað okkar fremsta íþróttafólks. Þetta vandamál er ekki nýtt af nálinni.

Nýverið sendi IBR beiðni til Reykjavíkurborgar þar sem sótt er um fjármagn til að lengja vetraropnun þannig að frjálsíþróttafólk fái aðgang að frjálsíþróttarhöllinni einnig í maí. Einnig er sótt um sumaropnun þannig að frjálsíþróttafólk, fái aðgang að höllinni í júní og júlí en veðurfar á Íslandi er þannig að einstaka greinar er einfaldlega ekki hægt að stunda nema undir sérstökum aðstæðum undir berum himni. Einnig þyrfti aukinn aðgang að lyftingarsal. Það verður að segjast að það er með ólíkindum að afreksfrjálsíþróttafólk í Reykjavík hafi ekki aðgengi að æfingaraðstöðu innanhús allt árið um kring.

Fyrir liggur niðurskurður í borginni. Frjálsíþróttafólk hefur hins vegar verið svelt varðandi aðstöðu mörg undanfarin ár og því er vonast til að vel verði tekið í þessa beiðni íBR. Vonandi fær frjálsíþróttafólkið okkar viðunandi aðgang að frjálsíþróttaraðstöðunni sem þegar er til staðar svo það þurfi ekki að flýja í nágrannafélögin eins og þróunin er núna.

Starfið er komið að ákveðnum tímamótum. Nú þarf að stíga fast til jarðar ef íþróttafólkið á einhvern möguleika á að ná framförum. Allt starfið byggist á þeim eldhugum sem við fáum til að stjórna deildunum og sjálfboðastarfi þeirra en það fjarar undan góðum grunni þegar áhugi yfirvalda er nánast enginn og mánuð eftir mánuð þarf að fara með hópinn í sund, á skauta eða eitthvað sem kemur frjálsum lítið við. Við biðjum um ykkar hjálp við að efla starfið svo það megi dafna og verða Reykjavík til sóma og unnt verði að skapa flottar fyrirmyndir. Við erum svo sannarlega til í þá vinnu með ykkur.

Tillaga: Beiðni frjálsíþróttadeilda Reykjavíkur; Glímufélagsins Ármanns, Ungmennafélagsins Fjölnis, Íþróttafélags Reykjavíkur og Knattspyrnufélags Reykjavíkur um aukinn aðgang að Frjálsíþróttahöll Reykjavíkur. Á þetta bæði við um barna- og unglíngastarf og afreksfólk.

Fyrir hönd frjálsíþróttadeilda Ármanns, Fjölnis, ÍR og KR

Oddný Kristinsdóttir

Formaður Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur (FÍRR) og formaður frjálsíþróttadeildar Ármanns

Formenn frjálsíþróttadeilda Reykjavíkur:

Fríða Rún Þórðardóttir, formaður frjálsíþróttadeildar ÍR

Þórgímur H. Guðmundsson, formaður frjálsíþróttadeildar Fjölnis

Þórdís Jóhannesdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar KR

Viðbótarupplýsingar

Fjöldi íbúa hverfa sem félögin þjónusta:

Fjöldi íbúa í ÍR hverfi 22.253 og á aldrinum 6-18 ára 3.356.

Fjöldi íbúa í KR hverfi 18.019 og á aldrinum 6-18 ára 2.554.

Fjöldi íbúa í Fjölnishverfi 17.966 og á aldrinum 6-18 ára 2.742.

Fjöldi íbúa í Ármannshverfi 17.870 og á aldrinum 6-18 ára 2.711